

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 225/1978 um heilbrigðismál.

1. gr.

2. gr. liður a) orðist svo:

- a) Reykjavíkurborg. Borgarstjórn kýs 7 fulltrúa óhlutbundinni kosningu. Stjórnir eftirtalinnar stofnana tilnefna úr sínum hópi einn fulltrúa hver: Landspítali, Landakotsspítali, Kleppsspítali, Hjúkrunardeild Hrafnistu, Hjúkrunardeild Grundar, Gistiheimili Rauða Kross Íslands og Sjúkrastöð S. Á. Á. að Silunga-pólli.

2. gr.

2. gr. liður h) orðist svo:

- h) Reykjaneshérað. Stjórnir heilsugæslustöðvanna í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Seltjarnarnesi svo og sjúkrastofnananna Vífilstaðaspítala, St. Jósefsspítala Hafnarfirði, hjúkrunardeildar Sólvangs í Hafnarfirði, Kópavogshælis, Skálatúns, Tjaldaness og vistheimilanna að Víðinesi og Hlaðgerðarkoti skulu eiga einn fulltrúa hver úr sínum hópi. Stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa á Reykjalandi og í Keflavík skulu eiga einn úr sínum hópi fyrir hvern stað.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. gr. 4. tl. laga nr. 57 frá 20. maí 1978 um heilbrigðisþjónustu og öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. október 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um álagningu B gatnagerðargjalda við byggðar götur í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjald á lóðir í sveitarfélaginu eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald þetta er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu svo og ganga endanlega frá gangstétt.

Gjaldið skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	2.0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús)	1.4%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	1.5%
Fjölbýlishús	1.0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2.0%
Opinberar byggingar	2.0%
Önnur hús og byggingar	1.0%